

2020 nr. 38 20. maí**Lög um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru**

Tóku gildi 23. maí 2020. Breytt með: L. 55/2020 (tóku gildi 24. júní 2020). L. 82/2020 (tóku gildi 21. júlí 2020). L. 118/2020 (tóku gildi 13. nóv. 2020). L. 119/2020 (tóku gildi 13. nóv. 2020 nema b-liður 5. gr. sem gildi afturvirkir frá gildistöku laga nr. 38/2020). L. 140/2020 (tóku gildi 1. jan. 2021 nema 5. gr. sem gildir frá og með 1. sept. 2020; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 21. gr.). L. 160/2020 (tóku gildi 6. jan. 2021). L. 37/2021 (tóku gildi 19. maí 2021 nema 1. og 7. gr. sem giltu afturvirkir frá 1. febr. 2021 og b- og c-liður 4. gr. og 5. gr. sem giltu afturvirkir frá 6. jan. 2021). L. 15/2022 (tóku gildi 3. mars 2022).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um einstaklinga og lögaðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, hófu starfsemina fyrir 1. febrúar 2020 og bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 1. eða 2. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Lög-in gilda ekki um stofnanir, byggðasamlög og fyrirtæki í eigu ríkis eða sveitarfélaga. [Rekstraraðili sem sækir um lokunarstyrk fyrir lokunartímabil eftir 17. september 2020 skal hafa hafið þá starfsemi sem sætir takmörkun á samkomum minnst einum almanaksmánuði áður en lokunartímabil hefst.]¹⁾

¹⁾ L. 119/2020, 1. gr.

■ 2. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að viðhalda atvinnustigi og efnahagssumsvifum með því að styðja við minni rekstraraðila sem hafa orðið fyrir tímabundnu tekjufalli vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og aðgerða stjórnvalda til að verjast útbreiðslu hennar.

■ 3. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi*: Starfsemi aðila sem greiðir laun skv. 1. eða 2. tölul. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og er skráður á launagreiðendaskrá, svo og á virðisaukaskattsskrá þegar það á við.

2. *Launamaður*: Launamaður skv. 1. eða 2. tölul. 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

3. *Lokunarstyrkur*: Fjárframlag úr ríkissjóði skv. II. kafla.

4. *Lokunartímabil*: Þeir dagar sem rekstraraðili er samfelld gert að loka samkomustað eða láta af starfsemi eða þjónustu vegna ákvarðana heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem birtar eru á grundvelli 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997.]¹⁾

[5.]¹⁾ *Rekstraraðili*: Einstaklingur eða lögaðili sem fellur undir gildissvið laga þessara skv. 1. gr.

[6.]¹⁾ *Rekstrarkostnaður*: Rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, að frátöldum niðurfærslum og fyrningum eigna.

[7.]¹⁾ *Stuðningslán*: Lán með ábyrgð ríkissjóðs skv. III. kafla.

[8.]¹⁾ *Tekjur*: Skattskyldar tekjur skv. B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, að frátöldum hagnaði af sölu rekstrareigna.

[9.]¹⁾ *Varanlegur miðill*: Tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í hæfilegan tíma, svo sem netbanki lánastofnunar.

¹⁾ L. 119/2020, 2. gr.

II. kafli. Lokunarstyrkur.**■ 4. gr. Skilyrði.**

□ Rekstraraðili sem uppfyllir öll eftirtalin skilyrði á rétt á lokunarstyrk úr ríkissjóði:

1. Honum var gert skylt að loka samkomustað skv. 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, nr. 243/2020, eða láta af starfsemi eða þjónustu skv. 2. mgr. sömu greinar á grundvelli 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997. [Sama gildir hafi honum verið gert skylt að loka samkomustað skv. 1. málsl. 1. mgr. eða 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, nr. 360/2020, á grundvelli 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997.]¹⁾ [Sama gildir jafnframt ef honum var gert að loka samkomustað eða láta af starfsemi eða þjónustu tímabundið vegna ákvarðana heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem birtar voru á grundvelli 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, og tóku gildi 18. september 2020 eða síðar.]²⁾

2. Tekjur hans í apríl 2020 voru a.m.k. 75% lægri en í apríl 2019. Hafi hann hafið starfsemi eftir 1. apríl 2019 skulu tekjur hans í apríl 2020 bornar saman við meðaltekjur hans á 30 dögum frá því að hann hóf starfsemi til loka febrúar 2020. [Tekjur rekstraraðila sem fellur undir 3. málsl. 1. tölul. skulu vera a.m.k. 75% lægri á lokunartímabili en á jafnlöngu tímabili í næstu heilu almanaksmánuðum á undan þar sem ekki kom til lokunar eða stöðvunar starfsemi eða þjónustu.]²⁾

3. Tekjur hans á rekstrarárinu 2019 voru a.m.k. 4,2 millj. kr. Hafi hann hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna tekjur þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll. [Í tilviki rekstraraðila sem fellur undir 3. málsl. 1. tölul. er heimilt að miða við að tekjur séu a.m.k. 350 þús. kr. á mánuði miðað við næsta heila almanaksmánuð á undan þar sem ekki kom til lokunar eða stöðvunar starfsemi eða þjónustu.]²⁾

4. Hann er ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir sem komnar voru á eindaga fyrir lok árs 2019 [eða 1. ágúst 2021 vegna lokunartímabila frá 15. janúar 2022]³⁾ og álagðir skattar og gjöld byggjast ekki á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilgreinum og virðisaukaskattsskýrslum, til Skattsins síðastliðin þrjú ár áður en umsókn barst eða síðan hann hóf starfsemi ef það var síðar. Að auki skal hann, eftir því sem við á og á sama tímabili, hafa staðið skil á ársreikningum, sbr. lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og upplýst um raunverulega eigendur, sbr. lög nr. 82/2019.

5. [Bú hans hefur ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta. Jafnframt skal hann ekki hafa verið tekinn til slita, nema ef slitin eru liður í samruna, skiptingu eða breytingu á rekstrarformi rekstraraðilans, og fyrirhugað er að lögaðili sem við tekur haldi rekstri sem umsókn varðar áfram.]³⁾

¹⁾ L. 55/2020, 1. gr. ²⁾ L. 119/2020, 3. gr. ³⁾ L. 15/2022, 1. gr.

■ 5. gr. Fjárhæð.

□ Fjárhæð lokunarstyrks [á grundvelli 1. málsl. 1. tölul. 4. gr.]¹⁾ skal vera jafnhá rekstrarkostnaði rekstraraðila tímabilid 24. mars til 3. maí 2020. Lokunarstyrkur [á grundvelli 1. málsl. 1. tölul. 4. gr.]¹⁾ getur þó ekki orðið hærri en 800 þús. kr. á hvern launamann sem starfaði hjá rekstraraðila í febrúar 2020, þó að hámarki 2,4 millj. kr. á hvern rekstraraðila.

□ [Fjárhæð lokunarstyrks á grundvelli 2. málsl. 1. tölul. 4. gr. skal vera jafnhá rekstrarkostnaði rekstraraðila tímabilid 4.–24. maí 2020. Lokunarstyrkur á grundvelli 2. málsl. 1. tölul. 4. gr. getur þó ekki orðið hærri en 400 þús. kr. á hvern

launamann sem starfaði hjá rekstraraðila í febrúar 2020, þó að hámarki 1,2 millj. kr. á hvern rekstraraðila.

□ Þrátt fyrir 2. mgr. skal fjárhæð lokunarstyrks á grundvelli 2. másl. 1. tölul. 4. gr. vegna lokunar sundlaugar vera jafnhá rekstrarkostnaði rekstraraðila tímabilið 4.–17. maí 2020. Lokunarstyrkur á grundvelli 2. másl. 1. tölul. 4. gr. vegna lokunar sundlaugar getur þó ekki orðið hærri en 270 þús. kr. á hvern launamann sem starfaði hjá rekstraraðila í febrúar 2020, þó að hámarki 810 þús. kr. á hvern rekstraraðila.]¹⁾

□ [Fjárhæð lokunarstyrks á grundvelli 3. másl. 1. tölul. 4. gr. skal vera jafnhá rekstrarkostnaði rekstraraðila á lokunartímabili. Lokunarstyrkur á grundvelli 3. másl. 1. tölul. 4. gr. getur þó ekki orðið hærri en 600 þús. kr. á hvern launamann sem starfaði hjá rekstraraðila í upphafi lokunartímabils fyrir hverja 30 daga lokun og hlutfallslega lægri fyrir styttra tímabil. Fjöldi launamanna miðast við fyrirliggjandi staðgreiðsluskilagreinar eins og þær lágu fyrir á lokunartímabilinu.

□ Heildarfjárhæð lokunarstyrkja til tengdra rekstraraðila getur að hámarki numið [[330 millj. kr.],²⁾ að meðtöldum stuðningi samkvæmt lögum þessum fyrir lokunartímabil eftir 17. september 2020 og lögum um ferðagjöf, viðspyrnustyrkjum samkvæmt lögum um viðspyrnustyrki og tekjufallsstyrkjum samkvæmt lögum um tekjufallsstyrki]³⁾ [og styrkjum til rekstraraðila veitingastaða samkvæmt lögum um styrki til rekstraraðila veitingastaða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma].²⁾ Sé um að ræða fyrirtæki sem taldist í erfiðleikum 31. desember 2019 getur heildarfjárhæð lokunarstyrkja þó að hámarki numið 30 millj. kr., nema ef um er að ræða lítil fyrirtæki, enda hafi þau ekki hlotið björgunar- eða endurskipulagningaraðstoð.]⁴⁾

□ [Hafi rekstraraðila verið ákvarðaður tekjufallsstyrkur samkvæmt lögum um tekjufallsstyrki dregst hann frá lokunarstyrki.]⁵⁾

□ [Hafi rekstraraðila verið ákvarðaður viðspyrnustyrkur samkvæmt lögum um viðspyrnustyrki fyrir sama tímabil og lokunartímabil nær til dregst hann frá lokunarstyrki.]⁶⁾

□ [Hafi rekstraraðila veitingastaðar verið ákvarðaður styrkur samkvæmt lögum um styrki til rekstraraðila veitingastaða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma fyrir sama tímabil og lokunartímabil nær til dregst hann frá lokunarstyrki.]²⁾

□ Lokunarstyrkur telst til skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt.

¹⁾ L. 55/2020, 2. gr. ²⁾ L. 15/2022, 2. gr. ³⁾ L. 37/2021, 1. gr. ⁴⁾ L. 119/2020, 4. gr. ⁵⁾ L. 118/2020, 15. gr. ⁶⁾ L. 160/2020, 15. gr.

■ 6. gr. Umsókn.

□ Umsókn um lokunarstyrk [á grundvelli 1. másl. 1. tölul. 4. gr.]¹⁾ skal beint til Skattsins eigi síðar en 1. september 2020. [Umsókn um lokunarstyrk á grundvelli 2. másl. 1. tölul. 4. gr. skal beint til Skattsins eigi síðar en 1. október 2020.]¹⁾ [Umsókn um lokunarstyrk á grundvelli 3. másl. 1. tölul. 4. gr. skal beint til Skattsins eigi síðar en þremur mánuðum eftir að lokunartímabili lýkur.]²⁾ Umsókn skal vera raf-ræn en að öðru leyti á því formi sem Skatturinn ákveður. [Umsóknir vegna lokunartímabila frá og með 15. janúar 2022 skulu hafa borist eigi síðar en 30. júní 2022.]³⁾

□ Rekstraraðili skal staðfesta við umsókn að hann uppfylli skilyrði 4. gr., að upplýsingar sem hann skilar og liggja til grundvallar ákvörðun fjárhæðar skv. 5. gr. séu réttar og að honum sé kunnugt um að það geti varðað álagi, sektum eða fangelsi að veita rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.

¹⁾ L. 55/2020, 3. gr. ²⁾ L. 119/2020, 5. gr. ³⁾ L. 15/2022, 3. gr.

■ 7. gr. Ákvörðun.

□ Skatturinn skal afgreiða umsókn svo fljótt sem verða má og ekki síðar en tveimur mánuðum eftir að honum berst fullnægjandi umsókn.

□ Við afgreiðslu umsóknar og endurskoðun ákvörðunar um umsókn getur Skatturinn farið fram á að rekstraraðili sýni með rökstuðningi og gögnum fram á rétt sinn til lokunarstyrks. Skatturinn getur leitað umsagnar ráðherra sem fer með málefni sóttvarna um vafaatriði sem lúta að skilyrðum 1. tölul. 4. gr.

□ Skatturinn skal endurákvæða lokunarstyrk komi í ljós að rekstraraðili átti ekki rétt á styrknum eða átti rétt á hærri eða lægri styrk en hann fékk greiddan.

□ Að því leyti sem ekki er á annan veg kveðið á um í lögum þessum gilda ákvæði 94., 95., 96. og 97. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, eftir því sem við getur átt um afgreiðslu umsókna og endurákvæðanir Skattsins.

■ 8. gr. Málskot.

□ Stjórnvaldsákvæðanir Skattsins samkvæmt lögum þessum sæta kæru til yfirséðanefndar. Um kærufrest og málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum laga um yfirséðanefnd. Yfirséðanefnd getur leitað umsagnar ráðherra sem fer með málefni sóttvarna um vafaatriði sem lúta að skilyrðum 1. tölul. 4. gr.

■ 9. gr. Ofgreiðsla.

□ Hafi aðili fengið lokunarstyrk umfram það sem hann átti rétt á ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var með vöxtum skv. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá greiðsludegi. Dráttarvextir skv. 6. gr. sömu laga leggjast á kröfu um endurgreiðslu ef hún er ekki innt af hendi innan mánaðar frá dagsetningu endurákvörðunar Skattsins.

□ Hafi rekstraraðili veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um rekstrarkostnað eða upplýsingagjöf hans hefur að öðru leyti verið svo áfátt að áhrif hafi haft við ákvörðun um styrk skal Skatturinn gera honum að greiða 50% álag á kröfu um endurgreiðslu. Fella skal álagið niður ef aðili færir rök fyrir því að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því að hann veitti réttar upplýsingar eða kæmi leiðréttingu á framfæri við Skattinn. Telji Skatturinn að háttsemi rekstraraðila geti varðað sektum eða fangelsi skal hann ekki gera honum að greiða álag heldur kæra málið til lögreglu.

□ Ákvæðanir Skattsins og úrskurðir yfirséðanefndar um endurgreiðslur ofgreiddra lokunarstyrkja eru aðfararhæfir. Kæra til yfirséðanefndar eða málshöfðun fyrir dómstólum frestar aðför.

III. kafli. Stuðningslán.

■ 10. gr. Skilyrði.

□ Ríkissjóður ábyrgist, eftir því sem nánar greinir í 2. mgr. 11. gr., stuðningslán sem lánastofnun sem hefur samið við Seðlabanka Íslands skv. 2. mgr. 20. gr. veitir fyrir lok [maí 2021]¹⁾ til rekstraraðila sem uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:

1. Tekjur hans á 60 daga samfelldu tímabili frá 1. mars [2020 voru]¹⁾ a.m.k. 40% lægri en á sama 60 daga tímabili 2019. Hafi hann hafið starfsemi svo seint að ekki er unnt að bera saman tekjur hans á sama 60 daga tímabili bæði ár skulu tekjur hans á 60 daga samfelldu tímabili [frá 1. mars]¹⁾ 2020 bornar saman við meðaltekjur hans á 60 dögum frá því að hann hóf starfsemi til loka febrúar 2020.

2. Tekjur hans á rekstrarárinu 2019 voru að lágmarki 9 millj. kr. og að hámarki 1.200 millj. kr. Hafi hann hafið starf-

semi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna tekjur þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll.

3. Launakostnaður hans á rekstrarárinu 2019 var a.m.k. 10% af rekstrarkostnaði hans sama ár. Hafi hann hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna launa- og rekstrarkostnað þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll.

4. Hann hefur ekki greitt út arð eða óumsamda kaupauka, keypt eigin hlutabréf, greitt af víkjandi láni fyrir gjalddaga eða veitt eigendum eða nákomnum aðilum lán eða aðrar greiðslur sem eru ekki nauðsynlegar til að viðhalda rekstri og rekstrarhæfi rekstraraðilans frá 1. mars 2020 og skuldbindur sig til að svo verði ekki þann tíma sem ábyrgðar ríkissjóðs nýtur við. Hugtakið nákominn aðili skal túlkað til samræmis við 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

5. Hann er ekki í vanskilum við lánastofnun sem hafa staðið lengur en 90 daga.

6. Hann er ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir sem komnar voru á eindaga fyrir lok árs 2019 og álagðir skattar og gjöld byggjast ekki á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilgreinum og virðisaukaskattsskýrslum, til Skattsins síðastliðin þrjú ár áður en umsókn barst eða síðan hann hóf starfsemi ef það var síðar. Að auki skal hann, eftir því sem við á og á sama tímabili, hafa staðið skil á ársreikningum, sbr. lög um ársreikninga, nr. 3/2006, upplýst um raunverulega eigendur, sbr. lög nr. 82/2019, og staðið skil á skýrslu um eignarhald á CFC-félagi, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1102/2013, um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágskattsvæðum.

7. Hann hefur ekki verið tekinn til slita eða bú hans til gjaldþrotaskipta.

8. Hann uppfyllir hlutlæg viðmið sem ráðherra skilgreinir í reglugerð²⁾ og gefa tilefni til að ætla að hann verði rekstrarhæfur þegar bein áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru eru liðin hjá.

□ [Rekstraraðili getur fengið allt að fjögur stuðningslán.]³⁾

¹⁾ L. 140/2020, 20. gr. ²⁾ Rg. 534/2020. ³⁾ L. 82/2020, 1. gr.

■ 11. gr. Fjárhæð.

□ Stuðningslán getur numið allt að 10% af tekjum rekstraraðila á rekstrarárinu 2019. Hafi rekstraraðili hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna tekjur þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll. Stuðningslán getur þó ekki orðið herra en 40 millj. kr.

□ Ríkissjóður ábyrgist að fullu stuðningslán að 10 millj. kr. til hvers rekstraraðila og vexti skv. 17. gr. af því. Ríkissjóður ábyrgist 85% af þeirri fjárhæð stuðningsláns til tiltekins rekstraraðila sem er umfram 10 millj. kr. og af vöxtum skv. 17. gr. af henni.

■ 12. gr. Umsókn.

□ Umsókn um stuðningslán skal beint, í gegnum miðlæga þjónustugátt á vefnum, til lánastofnunar sem hefur samið við Seðlabanka Íslands skv. 2. mgr. 20. gr.

□ Rekstraraðili skal staðfesta við umsókn að hann uppfylli skilyrði 10. gr., eftir atvikum eins og þau kunna að verða útfærð í reglugerð ráðherra, að upplýsingar sem hann skilar og liggja til grundvallar ákvörðun fjárhæðar skv. 11. gr. séu réttar og að honum sé kunnugt um að það geti varðað álagi, sektum eða fangelsi að veita rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.

□ Ríkisábyrgð skv. 10. og 11. gr. heldur gildi sínu gagnvart lánveitanda þótt í ljós komi að stuðningslán hafi verið veitt án þess að öll skilyrði fyrir ríkisábyrgð hafi verið uppfyllt enda

liggi fyrir staðfesting skv. 2. mgr. og að ekki verði sýnt fram á að lánveitandi hafi bersýnilega mátt ætla að umsókn byggðist á ófullnægjandi upplýsingum.

□ Þrátt fyrir 117. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, er Skattinum heimilt, samkvæmt beiðni umsjónaraðila miðlægrar þjónustugáttar skv. 1. mgr. og lánastofnunar sem hefur samið við Seðlabanka Íslands skv. 2. mgr. 20. gr., að miðla tiltækum upplýsingum sem eru nauðsynlegar skv. 2., 3., 6. og 7. tölul. [1. mgr.]¹⁾ 10. gr. til að meta hvort umsækjandi um stuðningslán uppfylli skilyrði fyrir lánveitingu og hvert hámark hennar geti orðið. Umsjónaraðilinn og lánastofnunin eru bundin þagnarskyldu um veittar upplýsingar og er óheimilt að nýta þær í öðrum tilgangi. Rekstraraðili skal staðfesta við umsókn að honum sé kunnugt um að Skatturinn kunni að veita upplýsingar á þessum grundvelli og um úrvinnslu þeirra.

¹⁾ L. 82/2020, 2. gr.

■ 13. gr. Afgreiðsla.

□ Lánastofnun afgreiðir stuðningslán að 10 millj. kr. til rekstraraðila sem fullnægir skilyrðum 10. gr. og ákvarðar fjárhæð þess í samræmi við 11. gr. Lánastofnun er heimilt að veita rekstraraðila herra stuðningslán ef það samræmist 10. og 11. gr. og, eftir atvikum, viðmiðum sem lánastofnun setur um veitingu slíkra lána á grundvelli samnings við Seðlabanka Íslands skv. 2. mgr. 20. gr.

□ Lánstími stuðningslána skal að lágmarki vera 30 mánuðir. Nánar skal kveðið á um lánstíma stuðningslána í reglugerð.¹⁾

¹⁾ Rg. 534/2020, sbr. 93/2023 og 1129/2023.

■ 14. gr. Rafræn skuldabréf, rafræn undirritun og frumrit.

□ Skuldabréf vegna stuðningsláns geta verið rafræn og skulu þau þá undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB, sbr. lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, nr. 55/2019.

□ Hafi skuldabréf skv. 1. mgr. verið undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift skal ekki gera kröfu um vottun á undirskrift og fjárhæði þeirra sem undirrita og á dagsetningu undirritunar.

□ Rafrænt skuldabréf vegna stuðningsláns sem undirritað hefur verið með fullgildri rafrænni undirskrift skal teljast uppfylla áskilnað í öðrum lögum um frumrit skuldabréfs. Þá skal rafræn móttaka slíks rafræns skuldabréfs teljast uppfylla áskilnað í öðrum lögum um framlagningu frumrits skuldabréfs. Þetta á við þrátt fyrir 2. másl. 1. mgr. 37. gr. stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993.

■ 15. gr. Kvittanir, fullnaðargreiðsla og framsal.

□ Lánastofnun skal tryggja að rekstraraðili sem fengið hefur stuðningslán hafi aðgang að rafrænum kvittunum fyrir afborgunum og uppfærðum upplýsingum um eftirstöðvar og greiðslusögu lánsins á varanlegum miðli.

□ Þegar rafrænt skuldabréf vegna stuðningsláns er að fullu greitt skal lánastofnun staðfesta það með fullgildri rafrænni undirskrift á skuldabréfið og í kjölfarið afhenda rekstraraðila það á varanlegum miðli. Lánastofnun skal jafnframt varðveita rafræna skuldabréfið í að a.m.k. sjö ár frá því að það er að fullu greitt.

□ Sé rafrænt skuldabréf vegna stuðningsláns framselt skal framsalið áritað á skuldabréfið og staðfest með fullgildri rafrænni undirskrift. Framseljandi skal veita rekstraraðila upplýsingar um framsalið á varanlegum miðli.

□ Ákvæði tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 9. febrúar 1798 eiga ekki við um rafræn skuldabréf samkvæmt þessum kafla.

■ **16. gr. Nýting.**

□ Stuðningslán má aðeins nýta til að standa undir rekstrararkostnaði lánþega. Óheimilt er að nýta stuðningslán til að borga af eða endurfjármagna önnur lán. [Þó má nýta stuðningslán til að borga af eða endurfjármagna lán sem rekstraraðili hefur fengið eftir lok febrúar 2020 til að standa straum af rekstrarkostnaði.]¹⁾

¹⁾ L. 82/2020, 3. gr.

■ **17. gr. Lánskjör.**

□ Stuðningslán er óverðtryggt og ber vexti sem eru jafnháir vöxtum af sjö daga bundnum innlánum lánastofnana hjá Seðlabanka Íslands hverju sinni.

□ Í samningi lánastofnunar við Seðlabanka Íslands, sbr. 2. mgr. 20. gr., er heimilt að kveða á um sérstakt álag á vexti skv. 1. mgr. sé lánsfjárhæð stuðningsláns hærrí en 10 millj. kr.

□ Lánastofnun er heimilt að innheimta þóknun, sem skal dregin frá upphæð stuðningsláns við útborgun þess, til að standa undir kostnaði við umsýslu stuðningslána. Fjárhæð hennar skal nánar ákvörðuð í samningi Seðlabanka Íslands við lánastofnun skv. 2. mgr. 20. gr. en skal þó að hámarki vera 2% af höfuðstól stuðningsláns. Lánastofnun er ekki heimilt að taka aðra þóknun eða gjald fyrir afgreiðslu stuðningsláns.

■ **18. gr. Endurgreiðsla.**

□ Stuðningslán, að meðtöldum vöxtum, skal að jafnaði endurgreitt með 12 jöfnum greiðslum síðustu 12 mánuði lánstímans, með fyrirvara um vanefndaúrræði lánastofnunar. Lánataka er heimilt að greiða upp eða inn á stuðningslán án uppgreiðsluþóknunar hvenær sem er á lánstíma.

■ **19. gr. Ofgreiðsla.**

□ Hafi rekstraraðili fengið stuðningslán umfram það sem hann átti rétt á ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var með áföllnum vöxtum skv. 1. mgr. 17. gr. Dráttarvextir skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, leggjast á kröfu um endurgreiðslu ef hún er ekki innt af hendi innan eins mánaðar frá því að lánastofnun krafði rekstraraðila um endurgreiðslu.

□ Telji lánastofnun að rekstraraðili hafi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar svo að sektum eða fangelsi geti varðað skal hún kæra málið til lögreglu.

■ **20. gr. Samningar Seðlabanka Íslands.**

□ Ráðherra er heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um að annast umsýslu vegna ábyrgða ríkissjóðs á stuðningslánum, þar á meðal uppgjör ábyrgða.

□ Seðlabanka Íslands er heimilt að semja við lánastofnanir um framkvæmd þeirra á stuðningslánnum og samskipti þeirra við Seðlabankann, þar á meðal um uppgjör ábyrgða ríkissjóðs á lánunum og upplýsingagjöf lánastofnana til Seðlabankans. Í samningum Seðlabankans við lánastofnanir skal jafnframt fjallað um álag á vexti og þóknar lánastofnana, sbr. 2. og 3. mgr. 17. gr.

■ **21. gr. Eftirlit.**

□ Nefnd sem ráðherra skipar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, hefur eftirlit með framkvæmd þessa kafla, þar á meðal samninga skv. 20. gr. Ákvæði 3. mgr. bráðabirgðaákvæðisins gilda að breyttu breytanda um eftirlit samkvæmt þessari grein.

IV. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **22. gr. Reglugerð um minniháttaraðstoð.**

□ [Stuðningur til fyrirtækja skv. III. kafla skal samræmast reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð eins og hún var tekin upp í EES-samninginn. Sama á við um stuðning skv. II. kafla til fyrirtækja að því marki sem um er að ræða fyrirtæki sem töldust í erfiðleikum 31. desember 2019, önnur en lítil fyrirtæki.]¹⁾

¹⁾ L. 119/2020, 6. gr.

■ **23. gr. Viðurlög.**

□ Einstaklingur eða lögaðili sem brýtur af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gegn lögum þessum, svo sem með því að veita rangar eða ófullnægjandi upplýsingar í umsókn um lokunarstyrk eða stuðningslán eða með því að nýta stuðningslán á ólögætán hátt, skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex árum nema brot megi teljast minni háttar.

■ **24. gr. Reglugerðarheimild.**

□ Ráðherra getur kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð,¹⁾ þar á meðal um nánari útfærslu skilyrða 10. gr.

¹⁾ Rg. 534/2020, sbr. 697/2020, 841/2020, 1427/2020, 324/2021, 93/2023 og 1129/2023.

■ **25. gr. Lagaskil.**

□ Stjórnarsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 140/2012, og lög um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, eiga ekki við um ákvarðanir um veitingu stuðningslána skv. III. kafla.

■ **26. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. [Réttur til lokunarstyrks skv. II. kafla getur í síðasta lagi stofnast [30. júní 2022].]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 15/2022, 4. gr. ²⁾ L. 119/2020, 7. gr.

■ **27. gr. Breyting á öðrum lögum. . . .**